

Bæjarstjórn - 400

FUNDARBOÐ

400. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 24. júní 2021 og hefst kl.
17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2106002F - Bæjarráð - 628

Lögð fram fundargerð 628. fundar bæjarráðs.

2. 2105006F - Hafnarstjórn - 90

Lögð fram 90. fundargerð Hafnarstjórnar.

3. 2105005F - Skipulags- og bygginganefnd - 252

Lögð fram fundargerð 252. fundar skipulags- og bygginganefndar.

4. 2104004F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 14

Lögð fram fundargerð 14. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

5. 2106001F - Skóla- og fræðslunefnd - 185

Lögð fram 185. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.

6. 2105004F - Safna- og menningarmálanefnd - 114

Lögð fram fundargerð 114. fundar safna- og menningarmálanefndar.

Erindi til kynningar

7. 2102003 - Fundargerðir 2021 - Samband íslenskra sveitarfélaga

Lögð fram fundargerð 898. fundar, og 899. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

8. 2106002 - Fundargerð 194. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga

Lögð fram opinber útgáfa fundargerðar 193. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga sem fram fór þriðjudaginn 1. júní sl.

9. 1909042 - Fundargerðir stýrihóps um hönnun og framkvæmdir á HVE Stykkishólmi (Hjúkrunarrými Heilbrigðisstofnunar Vesturlands)

Lagðar fram fundargerðir 18. og 19. fundar stýrihóps um hönnun og framkvæmdir á HVE Stykkishólmi (Hjúkrunarrými Heilbrigðisstofnunar Vesturlands).

10. 2106022 - Fundargerðir Starfshóps um stefnumörkun Stykkishólmsbæjar í málefnum einstaklinga 60+

Lögð fram fyrsta fundargerð starfshóps um stefnumörkun Stykkishólmsbæjar í málefnum einstaklinga 60+.

11. 2007006 - Stöðuskýrslur uppbyggingarteymis

Lögð fram 15. og 16. stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

12. 2106001 - Launaþróun sveitarfélaga

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 28. maí 2021 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 26. maí 2021, um launaþróun sveitarfélaga.

13. 2101038 - Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 28. maí 2021 hvatti stjórn sambandsins sveitarfélög til að taka skýrslu Framtíðarseturs Íslands, sem var kynnt á landsþinginu 21. maí 2021, til umræðu í sveitarstjórn og undirbúa sig þannig fyrir landsþing 2022. Lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í þessu sambandi.

14. 2106023 - Aðgerðaráætlun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni

Lagt fram bréf til allra sveitarstjórna vegna þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

15. 2104008 - Ytra mat GSS febrúar 2021

Lagt fram skilabréf til sveitarfélagsins varðandi ytra mat á Grunnskólanum í Stykkishólmi ásamt matsskýrslu, ásamt skjali sem inniheldur ramma sem hægt er að nýta við gerð umbótaáætlunar og glærुकynningu sem notuð var við skil til skólans.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

16. 2104028 - Flutningur á starfsemi tónlistaskóla í Amtsbókasafn

Lárus Ástmar Hannesson, bæjarfulltrúi, lagði til á 626. fundi bæjarráðs að kannað verði hvort faglegir og rekstrarlegir möguleikar séu á að færa starfsemi Tónlistarskóla Stykkishólms að einhverju eða öllu leyti í byggingu Amtsbókasafnsins við Borgarbraut. Á 626. fundi bæjarráðs var samþykkt að vísa erindinu til umsagnar í skóla- og fræðslunefnd og safna- og menningarmálanefnd.

Lagðar eru fram umsagnir skóla- og fræðslunefndar og safna- og menningarmálanefndar.

Í umsögn 114. fundar safna- og menningarmálanefndar taldi nefndin óráðlegt að flytja starfsemi tónlistarskólans í húsnæði Amtsbókasafns og taldi að slíkt myndi bitna á starfsemi bókasafnsins, grunnskólans og tónlistarskólans.

Í umsögn 185. fundar skóla- og fræðslunefndar tók nefndin undir með safna- og menningarmálanefnd. Í umsögn nefndarinnar er tekið fram að þekkt sé að grunnskólinn verður að nýta húsnæði Amtsbókasafnsins til kennslu í einhverjum mæli, auk þess sem liggur fyrir að Amtsbókasafnið er ekki hannað m.t.t. hljóðvistar fyrir starfsemi tónlistarskóla. Nefndin taldi að betra væri að hefja vinnu við endurskoðun teikninga af viðbyggingu fyrir nýjan tónlistarskóla norðan við grunnskólann m.t.t. þess að teikningar séu tiltækar þegar kemur að ákvörðun um útboð.

Bæjarráð vísaði málinu til umfjöllunar í bæjarstjórn.

17. 2006017 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands - Sameining heilbrigðissvæða

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands sem haldinn var þann 20. maí sl. ásamt Samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sem samþykkt var á fundinum.

Í kjölfar fundarins var útbúið minnisblað um sameiningu Kjósarhrepps við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, sem einnig er lagt fram.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrir sitt leyti fyrirleggjandi áform um sameiningu Kjósarhrepps við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

18. 2106016 - Lóðarleigusamningur, Búðanesvegur 2 (leikskóli)

Lögð eru fram drög að lóðarleigusamningi fyrir Leikskólann í Stykkishólmi.

Bæjarráð samþykkti, á 628. fundi sínum, samninginn og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hann.

19. 2105012 - Hamraendi 12 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Skipavík sækir um byggingarleyfi fyrir iðnaðarhúsnæði á tveimur hæðum við Hamraenda 12. Stærð hússins er 11 x 30,664 m eða samtals 337,4 m² að grunnfleti. Birt stærð er 674,8 m², brúttórúmmál er 2.893 m². Um er að ræða 5 bil annars vegar í kjallara og hinsvegar á hæð, samtals 10 bil, hvert um sig rúmlega 60 m² að stærð að grunnfleti. Burðarvirki hússins er steinsteypa. Lóðin er 1.419 m². Með erindinu fylgdu aðaluppdrættir frá W7 slf. dags. 12.04.2021. Ekki er til deiliskipulag af svæðinu.

Í ljósi þess að ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu vísaði byggingarfulltrúi erindinu til skipulags- og byggingarnefndar.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti á 252. fundi sínum, að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir eigendum bygginga við Hamraenda nr. 5 og 10, Hjallatanga 46 og lóðarhafa nr. 48 ásamt Hesteigendafélaginu Fákaborg.

Bæjarráð staðfesti, á 628. fundi sínum, ákörðun skipulags- og byggingarnefnd, að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir eigendum bygginga við Hamraenda nr. 5 og 10, Hjallatanga 46 og lóðarhafa nr. 48 ásamt Hesteigendafélaginu Fákaborg.

20. 2105025 - Hjallatangi 48 - Breyting á deiliskipulagi

Óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi við Nónvík á lóð númer 48 við Hjallatanga. Breytingarnar felast í að lóð er stækkuð í suð-austur, byggingarreitur færður til á lóð og bindandi byggingarlína felld út. Deiliskipulagsmörk færð um 6m í sömu átt og komið fyrir gesta- og snúningsstæði í götu og tillögu að nýrri legu á göngustíg sbr. tillöguupprátt frá Sigurbjarti Loftssyni.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti á 252. fundi sínum, að grenndarkynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Nónvík samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir eigendum húsa við Hjallatanga nr. 44 og 46 og legu á göngustíg fyrir Hesteigendafélaginu Fákaborg.

Bæjarráð staðfesti, á 628. fundi sínum, ákvörðun skipulags- og byggingarnefnd, að grenndarkynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Nónvík samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir eigendum húsa við Hjallatanga nr. 44 og 46 og legu á göngustíg fyrir Hesteigendafélaginu Fákaborg.

21. 2004031 - Heildarskipulag áningastaðar og útsýnissvæðis á Súgandisey

Lögð fram að nýju tillaga að lýsingu á deiliskipulagsverkefni fyrir Súgandisey ásamt umsögnum/athugasemdum. Lýsingin var auglýst til kynningar fyrir almenningi og öðrum hagsmunaaðilum til 4. júní 2021, samkvæmt 1. og 2. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og byggingarnefnd vísaði á 252. fundi sínum, lýsingu á deiliskipulagsverkefninu fyrir Súgandisey ásamt umsögnum í fyrirhugaða deiliskipulagsvinnu af svæðinu.

Bæjaráð staðfesti, á 628. fundi sínum, ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar að vísa lýsingu á deiliskipulagsverkefninu fyrir Súgandisey ásamt umsögnum í fyrirhugaða deiliskipulagsvinnu af svæðinu.

22. 2105014 - Starfshópur um verslunar- og atvinnusögu Stykkishólms

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd lagði til við bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar að skipaður yrði starfshópur sem hefði það verkefni að leggja fram tillögur og hugmyndir um hvernig gera mætti skil verslunar- og atvinnusögu Stykkishólms umliðnar tvær aldir og tengingu bæjarins við samfélag og atvinnulíf við Breiðafjörð, þ.m.t. nýttjum Breiðafjarðar. Lögð verði áhersla á að gera sýnilega bæjarbúum og ferðafólki þá þýðingu sem Stykkishólmur hefur haft sem verslunar- og samgöngumiðstöð við samfélagið við Breiðafjörð sem oft hefur verið nefnt "matarkistan Breiðafjarðar".

Bæjarstjórn samþykkti tillöguna og fól bæjarstjóra að útbúa drög að erindisbréfi sem nú eru lagt fram.

Bæjarráð samþykkti, á 628. fundi sínum, erindisbréfið og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja það og vísaði skipun í starfshópin til næsta bæjarstjórnarfundar.

23. 2005059 - Hreinsun og fegrun umhverfis í Skipavík

Hafnarstjórn beindi því til Stykkishólmsbæjar á 87. fundi sínum að gera átak í að fegra hafnar svæðið við Skiparvíkurhöfn, sér í lagi hvað varðar óhreyfða báta og vagna sem liggja jafnvel undir skemmdum. Hafnarstjórn taldi svæðið eiga að vera snyrtilegt og bænum til sóma. Þá hvatti Hafnarstjórn á 88. fundi sínum áfram til þess að átak yrði gert

í snyrtingu við Skipavíkurhöfn í samræmi við þær áherslur sem fram komu á fundinum. Þá taldi Hafnarstjórn að vinna ætti áfram fyrirbyggjandi hugmyndir að skipulagi Skipavíkur.

Á 90. fundi Hafnarstjórnar gerði Hafnarstjóri og hafnarvörður grein fyrir þeirri vinnu sem innt hefur verið af hendi Hreinsun og fegrun umhverfis í Skipavík. Ljóst er að átak hefur verið gert við hreinsun og snyrtingu svæðisins. Á fundinum bókaði hafnarstjórn um að þörf sé á heimildum eða reglum til þess að ná megi betri árangri í hreinsun og fegrun umhverfis í Skipavík. Í bókun Hafnarstjórnar hvatti Hafnarstjórn áfram til þess að átak yrði gert í fegrun og snyrtingu við Skipavíkurhöfn og í anda þess samþykkti hafnarstjórn að þeir sem greiði hafnargjöld hafi heimild gjaldfrjálsrar aðstöðu fyrir báta og kerrur á skilgreindum bátarstæðum við Skipavíkurhöfn, í samræmi við fyrirbyggjandi teikningu, en aðrir greiði aðstöðugjald (stöðuleyfi). Hafnarstjórn fól hafnarverði að láta fjarlægja ónýtar kerrur og annað sem á ekki heima á svæðinu að hans mati, innheimta í samvinnu við byggingarfulltrúa gjöld fyrir aðstöðuleyfi og framfylgja framangreindri samþykkt Hafnarstjórnar.

Bæjarráð staðfesti afgreiðslu hafnarstjórnar á 628. fundi sínum og er afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

24. 2105041 - Listaverkið Á heimleið - Bundið slitlag á höfninni

Formaður hafnarstjórnar gerði á 90. fundi hafnarstjórnar grein fyrir hugmyndum sínum um lagfæringu og afmörkun á bílastæðum við listaverkið "Á heimleið" eftir Grím Marinó Steindórsson sem stendur við höfnina og var reist í minningu sjómanna.

Á 90. fundi Hafnarstjórnar var bæjarstjórn hvött til þess að leggja bundið slitlag á svæðið umhverfis listaverkið Á heimleið og að svæðið verði afmarkað merkingum (bílastæði, ökuleiðir o.fl.) og þannig verði umhverfið fegrað og skipulagt með þeim hætti. Hvatti Hafnarstjórn jafnframt til þess að í framhaldinu verði tekin upp gjaldskylda á svæðinu.

Bæjarráð lagði til, á 628. fundi sínum, til að lagt verði bundið slitlag á hafnarsvæðið í samvinnu við Vegagerðina í samræmi við hugmyndir hafnarstjórnar.

25. 1810056 - Áhugi á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi - Viljayfirlýsing

Lögð fram viljayfirlýsing Stykkishólmsbæjar, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Veitna og Acadian Seaplants um samstarf um sjálfbæra atvinnu- og innviðauppbyggingu í Stykkishólmi í tengslum við fyrirhugaða auðlindanýtingu þangs í Breiðafirði þar sem lýst er yfir vilja til þess að aðilar vinni saman að því að nýta fyrirbyggjandi tækifæri til atvinnu- og verðmætasköpunar í Stykkishólmi á grunni sjálfbærrar nýtingar auðlinda og styðja við verkefnið á grunni þess sem fram kemur í viljayfirlýsingunni.

Bæjarráð staðfesti, á 628. fundi sínum, viljayfirlýsingu Stykkishólmsbæjar, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Veitna og Acadian Seaplants um rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hana.

26. 2101020 - Stækkun Leikskólans í Stykkishólmi - Samningur

Lögð fram niðurstaða útboðs Stykkishólmsbæjar á stækkun Leikskólans í Stykkishólmi í samræmi við afgreiðslu 399, ásamt öðrum gögnum útboðsins. fundar bæjarstjórnar. Um

er að ræða viðbyggingu við núverandi leikskóla sem er á einni hæð. Núverandi leikskóli er með 3 deildum og er nú verið að bæta við fjórðu deildinni. Verkefnið felst í því að fullbyggja nýju deildina að innan sem utan með innréttingum, og öllum tilheyrandi frágangi og skila tilbúnu til notkunar. Tvö tilboð bárust í verkefnið frá annars vegar Þ.B. Borg ehf. og hins vegar Skipavík ehf. Eftir yfirferð á tilboðunum tveimur var tilboð Þ.B. Borg að fjárhæð kr. 57.093.699 og Skipavíkur að fjárhæð kr. 59.948.386, en kostnaðaráætlun var kr. 63.562.833.

Bæjarráð samþykkti að bæjarstjóri gangi til samninga við Þ.B. Borg lægsbjóðanda um stækkun leikskólans í Stykkishólmi í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og vísaði málinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

27. 2106024 - Fundargerðir stjórnar Náttúrustofu Vesturlands - Tillaga stjórnar

Lögð fram fundargerð stjórnar Náttúrustofu Vesturlands frá 31. maí sl. þar sem stjórn leggur til við bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar að bærinn fari í þá vinnu, í samráði við stjórn, að skilgreina valdmörk, ábyrgð, hlutverk og valdheimildir hvað Náttúrustofu Vesturlands varðar í ljósi þess að Stykkishólmsbær stendur einn að rekstri stofunnar og að vinna drög að starfsreglum stjórnar og starfsáætlun, en stjórn telur að að marka þurfi skýrari vinnureglur um mörk ábyrgðar og hlutverks stjórnar og forstöðumanns, einkum varðandi fjármál Náttúrustofu Vesturlands, en það er hlutverk stjórnar að hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar samkvæmt lögum og reglugerð.

Bæjarráð samþykkti, á 628. fundi sínum, tillögu stjórnar Náttúrustofu Vesturlands og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hana.

28. 1907032 - Samrekstur á embættum skipulags- og byggingarfulltrúa á Snæfellsnesi - Uppfærsla á verklagsreglum Stykkishólmsbæjar um ráðningar

Lagður fram að nýju samningur milli Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar um samstarf um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa og yfirumsjón með eignasjóði, þ.m.t. verklegum framkvæmdum og fasteignum. Á 396. fundi bæjarstjórnar samþykkti bæjarstjórn samninginn og gekkst þar með undir þær skuldbindingar sem í samningnum felast. Þá eru lagðar fram verklagsreglur Stykkishólmsbæjar við ráðningu starfsmanna ræður bæjarstjórn skipulags- og byggingarfulltrúa.

Með samþykki samningsins veitti bæjarstjórn bæjarstjóra umboð til þess að fara með fyrirsvar sveitarfélagsins varðandi framkvæmd samningsins, þ.m.t. ráðningu starfsfólks og senda tilkynningu f.h. sveitarfélagsins til Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um ráðningu skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa.

Lagt er til að bæjarstjórn samþykki breytingar á verklagsreglum Stykkishólmsbæjar við ráðningu starfsmanna til samræmis við samstarfssamning sveitarfélaganna um sameiginlegt embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Þá er lagt til að bæjarstjórn veiti bæjarstjóra formlegt umboð í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laga um mannvirki og 1. mgr. 7. gr. skipulagslaga til að ráða og tilkynna nýja byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Skipulagsstofnunar í samræmi við samninginn.

29. 2006042 - Orkuskipti í samgöngum - hraðhleðslustöðvar

Á 615. fundi bæjarráðs var bæjarstjóra falið að vinna áfram að því að hraða uppbyggingu hraðhleðsluinnviða í Stykkishólmi og stuðla að því að 150kw stöð verði sett upp í Stykkishólmi. Á 248. fundi skipulags- og byggingarnefndar voru lagðar fram tillögur að

staðsetningum á rafhleðslustöðvum fyrir bíla í landi bæjarins. Á fundi sínum taldi skipulags- og byggingarnefnd fyrsta kostinn vera að staðsetningu á bílaplani við Íþróttamiðstöð Stykkishólms. Á 624. fundi bæjarráðs var samþykkt að málið yrði unnið áfram í samræmi við tillögu nefndarinnar.

Lagður er til samþykktar afnotasamningur við Ísorku hf. vegna rafhleðslustöðvar í samræmi við samþykkt skipulags- og byggingarnefndar.

30. 2006007 - Kosning í Hafnarstjórn

Arnar Geir Ævarsson tekur sæti Hreiðars Jóhannessonar sem aðalmaður í Hafnarstjórn og Hreiðar verður varamaður.

31. 2006055 - Kosningar í bæjarráð

Kosning þriggja fulltrúa í bæjarráð sem aðalmenn og jafnmargra til vara, sbr. 47. gr. samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar, með áorðnum breytingum, og eftir atvikum tilnefning áheyrnarfulltrúa. Jafnframt kosning formanns og varaformanns bæjarráðs, sbr. 27. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar.

32. 2006056 - Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar

Kosning forseta bæjarstjórnar og fyrsta og annan varaforseta bæjarstjórnar skv. 7. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar.

33. 2006059 - Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar 2021

Forseti bæjarstjórnar gerir það að tillögu sinni að næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar verði haldinn 26. ágúst nk. og að bæjarráði verði veitt fullt umboð til fullnaðarafgreiðslu mála í samræmi við 4. mgr. 8 gr., 1. og 2. mgr 33 gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar.

22.06.2021

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.